

**Ed. 783. Frumvarp til laga [433. mál]**

um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Á árinu 1986 var undirritaður samningur milli sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda og ríkissjóðs um sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Í fjárlögum síðasta árs var heimild til að selja ofangreindar eignir, sbr. lið 5.22 í 6. gr., en sú heimild var ekki nýtt, einkum vegna eftirtalinna tveggja atriða:

1. Ekki var talið að það ákvæði, sem var í heimildinni um að fasteignirnar yrðu nýttar áfram í þágu samtaka framleiðenda matjurta, væri til staðar.
2. Upplýsingar lágu fyrir um slæma rekstrarafkomu SÍM og að samtökin áformuðu að selja hluta fasteigna til að mæta þeim fjárhagsvanda sem leiddi af slæmri rekstrarafkomu.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var ákveðið að endurnýja ekki þessa heimild, heldur boðað að lagt yrði fyrir Alþingi sérstakt frumvarp um sölu nefndra eigna. Þetta frumvarp er því flutt til að afla fjármálaráðherra heimildar til að ganga endanlega frá ráðstöfun og sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins í Síðumúla og Ártúnsbrekku.